

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Rán Sturlaugsdóttir

Sent inn þann: 21.04.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Viðhengi:

1.1.Tungnaáreyrar efnistaka - tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.pdf



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 21. apríl 2026
2603171HS RS

Efni: Tungnaáreyrar efnistaka - tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Þann 27. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna aukinnar efnistöku úr Tungnáreyrum í Rangárþingi ytra.

Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæðið E70, sem er sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar, úr 5,0 ha í allt að 7,5 ha og heimiluð efnistaka eykst úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Áætlað er að nota efnið sem steypumöl fyrir Vaðölduver og aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á virkjanasvæðinu. Staðsetning efnistökusvæðisins lágmarkar vegalengdir vegna flutninga á efni. Svæðum verður lokað svo fljótt sem kostur er þegar vinnslu lýkur eða nýtanlegt efni þrýtur. Samhliða matsskyldufyrirspurn er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina vistgerðir; jarðmyndanir; ásýnd og landslag; vatnshlot; fugla- og dýralíf; fornminjar; umferð og samgöngur; og samlegðaráhrif. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin engin á fornminjar, óveruleg á vistgerðir; fugla- og dýralíf; jarðmyndanir; ásýnd og landslag; umferð og samgöngur; og vatnshlot og samlegðaráhrif eru bæði metin verulega jákvæð og nokkuð neikvæð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á



umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir efnistöku starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Umsögn Rangárþings ytra birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Höfundur: Haraldur Birgir Haraldsson

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Rangárþing ytra

Viðhengi:

2.1.2603091_Fundasaga.pdf

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2603091
Málsheiti: Tungnaáreyrar. Tilkynning um ákvörðun m matskyldu.
Málsaðili: Skipulagsstofnun
Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson
Ábyrgðaraðili: Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárpings ytra - 65 (22.4.2026) - Tungnaáreyrar. Tilkynning um ákvörðun m matskyldu.

Dags: 22.04.2026

Inngangur: Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn sveitarfélagsins við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt: Tungnaáreyrar - Aukin efnistaka, nr. 0380/2026: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Óskað er umsagnar Rangárpings ytra.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunni að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágmarkuð með fullnægjandi mótvægisaðgerðum og vöktun. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Mál nr. 0380/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Axel Benediktsson

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Viðhengi:

3.1.Umsögn_vegna_skipulagsmála_Náttúruverndarstofnun - 2026-04-24T091227.303.pdf



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

21. apríl 2026
202604-0015/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Tungnaáreyrar - Efnistaka - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar er barst 13. apríl sl. vegna matsskyldufyrirspurnar um aukna efnistöku í Tungnaáreyrum í Rangárþingi ytra. Um er að ræða fyrirhugaða stækkun á núverandi efnistökusvæði E70 og aukningu á heimiluðu efnistökumagni.

Náttúruverndarstofnun bendir a að stofnunin veitti umsögn varðandi aðalskipulagsbreytingu framkvæmdarinnar 31. mars sl.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að stækka núverandi efnistökusvæði í Tungnaáreyrum úr um 5 ha í allt að 7,5 ha og auka heimilað efnismagn úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³.

Framkvæmdarsvæðið er staðsett á malareyrum sunnan farvegjar Tungnaár, á þjóðlendu innan Landmannaafreittar, og hefur svæðið þegar verið nýtt til efnistöku.

Í greinargerð kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að afla efnis, m.a. steypumalar og fyllingarefnis, til uppbyggingar orkumannvirkja á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, einkum í tengslum við Vaðölduver og aðrar framkvæmdir Landsvirkjunar.

Efnistakan felur í sér áframhaldandi vinnslu innan skilgreinds svæðis, þar sem efni verður mokað, flokkað og eftir atvikum mulið. Ónýtanlegt efni verður nýtt við frágang svæðisins og gert er ráð fyrir að gengið verði frá svæðum jafnóðum eftir því sem vinnslu lýkur.

Að mati framkvæmdaraðila er stefnt að því að nýta núverandi aðkomu að svæðinu frá Sprengisandsleið og halda raski í lágmarki með því að vinna innan þegar skilgreinds og raskaðs svæðis.

Hraun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan nútímahrauns og að slíkar jarðmyndanir njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Miðað við afmörkun nær framkvæmdin líklega ekki til hrauna sem njóta sérstakrar verndar að mati Náttúruverndarstofnunar.

Í greinargerð kemur jafnframt fram að hraunið á svæðinu sé sandorpið, lítt sýnilegt og að verndargildi þess hafi rýrnað sem og vegna rasks á svæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þegar hraun er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri þannig að ekki er lengur hægt að greina jarðmyndunina sem hraun, hefur það að jafnaði tapað

þeim einkennum sem mynda verndargildi þess samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í slíkum tilvikum telst jarðmyndunin almennt ekki njóta þeirrar sérstöku verndar sem ákvæðið kveður á um.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé að mestu skilgreint sem eyðihraunavist samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar og að verndargildi hennar sé lágt. Þá kemur fram að innan eða í jaðri svæðisins finnist einnig vistgerðir á borð við hélumosavist og rekjuvist, sem hafi miðlungs verndargildi og séu á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í greinargerð kemur jafnframt fram að gróðurhula á svæðinu sé rýr og að áhrif framkvæmda á vistgerðir séu talin takmörkuð þar sem landið sé að stórum hluta lítt eða ógróið.

Að mati Náttúruverndarstofnunar gefa fyrirbyggjandi gögn og lýsingar til kynna að vistgerðir innan sjálfs framkvæmdarsvæðisins séu að mestu leyti rýrar, strjálgrónar og með lágt verndargildi. Stofnunin telur því að bein áhrif efnistöku á vistgerðir innan afmarkaðs svæðis séu líklega takmörkuð.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að fuglalíf á svæðinu sé fremur rýrt en að ákveðnar tegundir geti nýtt svæðið, m.a. heiðlóa, lóupræll, sendlingur og heiðagæs.

Að mati Náttúruverndarstofnunar bendir fyrirbyggjandi lýsing til þess að framkvæmdarsvæðið sé ekki mikilvægt búsvæði fugla í stærra samhengi, einkum þar sem gróður er rýr og svæðið þegar raskað að hluta.

Náttúruverndarstofnun bendir þó á að tegundir á borð við heiðlóu, lóupræll og heiðagæs eru hluti af vistkerfum hálendis og sumar þeirra teljast til ábyrgðartegunda Íslands. Því ber að gæta varúðar við mat á áhrifum á búsvæði þeirra, jafnvel þótt þau séu ekki umfangsmikil á viðkomandi svæði.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er þó líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði fyrst og fremst staðbundin og tímabundin, tengd truflun á framkvæmdatíma. Náttúruverndarstofnun bendir á að hljóðvist hefur líka áhrif á aðrar dýrategundir sem fara um svæðið eins og fugla til dæmis. Mikilvægt er því að hljóðvistar áhrifin taki tillit til þess.

Landslag og ásjúnd

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé hluti af ungu hraunlendi með rýru gróðurfari og hafi þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda. Þá er metið að áhrif efnistökkunnar á ásjúnd verði tímabundin og að hægt verði að draga úr þeim með frágangi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar felur stækkun efnistökusvæðis þó í sér frekara rask á landformi og ásjúnd sem getur haft varanleg áhrif, þrátt fyrir fyrirhugaðan frágang.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að forðast að raska landslagi að óþörfu og að við hönnun og staðsetningu mannvirkja skuli leitast við að falla að landslagi og lágmarka sjónræn áhrif.

Jafnframt bendir stofnunin á að svæðið er í nágrenni fjölfarinna leiða á hálendinu og því geta áhrif á upplifun landslags verið meiri en eingöngu staðbundin. Mikilvægt er að meta áhrifin í samhengi við aðrar framkvæmdir á svæðinu og gera skýra grein fyrir árangri frágangs.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar, með hliðsjón af eðli framkvæmdar, staðsetningu hennar og verndargildi svæðisins, er ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin bendir þó á að skýra þurfi betur tiltekna umhverfispætti, einkum varðandi jarðmyndanir og landslag, áður en endanleg ákvörðun um matsskyldu er tekin.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: María Harðardóttir

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun

Viðhengi:

4.1.NATT_Tungnaáreyrar, stækkun efnistökusvæðis, matsskyldufyrirspurn.pdf



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 21
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. apríl 2026
Málsnúmer: 202603-0065
MH

Efni: Tungnaáreyrar, stækkun efnistökusvæðis, matsskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 27. mars 2026 þar sem óskað var umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar núverandi efnistökusvæðis á Tungnaáreyrum í Rangárþingi ytra.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun efnistökusvæðis úr um 5 ha í allt að 7,5 ha og aukningu á heimiluðu efnismagni úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Um er að ræða áframhaldandi efnistöku á svæði sem hefur þegar verið nýtt og er hluti af umfangsmiklu orkunýtingarsvæði.

Framkvæmdarsvæðið er að mestu skilgreint sem eyðihraunavist með lágt verndargildi, en innan áhrifasvæðis koma einnig fyrir vistgerðir með miðlungs verndargildi, svo sem hélumosavist og rekvjvist. Áhrif á vistgerðir felast í beinu og varanlegu raski innan svæðisins, en þar sem það er að stórum hluta lítt gróið og þegar raskað eru áhrifin talin takmörkuð og staðbundin. Áhrif á fuglalíf eru einkum bundin við framkvæmdatíma og felast í truflun á búsvæðum, en gera má ráð fyrir að þau séu að mestu tímabundin.

Framkvæmdarsvæðið er á nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, en verndargildi þess á viðkomandi svæði telst rýrt þar sem það hefur þegar orðið fyrir raski vegna fyrri framkvæmda og mannvirkjagerðar. Aukið og varanlegt rask vegna aukinnar efnistöku er óhjákvæmilegt en áhrifin eru talin takmörkuð í ljósi fyrra ástands og staðsetningar innan skilgreinds efnistökusvæðis.

Landslag á svæðinu ber nú þegar skýr merki mannlegra áhrifa vegna virkjana, vega og annarra mannvirkja. Viðbótaráhrif vegna efnistöku eru talin hafa takmörkuð áhrif á ásjón og verða að mestu staðbundin. Með vönduðum frágangi að framkvæmd lokinni er unnt að draga úr varanlegum áhrifum.

Framkvæmdarsvæðið er í nágrenni straumvatnshlota og grunnvatnshlots. Helstu áhrif á þau geta falist í auknu gruggi eða setflutningi á framkvæmdatíma, sem og hættu á mengun vegna vinnuvéla. Mikilvægt er að við framkvæmdina verði gætt að því að lágmarka slík áhrif og að settir verði viðeigandi skilmálar um meðferð véla og varnir gegn mengun.

Þá bendir Náttúrufræðistofnun á að svæðið er hluti af stærra athafnasvæði þar sem fjöldi framkvæmda hefur átt sér stað og eru fyrirhugaðar. Mikilvægt er að horft sé til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum á svæðinu, sérstaklega með tilliti til áhrifa á landslag og lífríki.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki líklegt að fyrirhuguð stækkun efnistökusvæðis á Tungnaáreyrum hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021. Um er að ræða áframhaldandi efnistöku á svæði sem þegar hefur verið raskað og er innan umfangsmikils orkunýtingarsvæðis. Ekki er að finna vistgerðir með hátt verndargildi á svæðinu og áhrif á lífríki og landslag eru talin takmörkuð og að mestu staðbundin.

Náttúrufræðistofnun leggur þó áherslu á að við framkvæmdina verði gætt að áhrifum á vatnshlot og að tekið sé mið af samlegðaráhrifum með öðrum framkvæmdum á svæðinu.



Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Sent inn þann: 24.04.2026 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Öll svæði

Viðhengi:

5.1.Umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldufyrirpurn vegna aukinnar efnistöku á Tungnaáreyrum.pdf



HMS

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar vegna aukinnar efnistöku á Tungnaáreyrum í Rangárþingi ytra

Tilvísun: Mál nr. 0380/2026

Vísað er til erindis dagsetts 27. mars 2026 „Tungnaáreyrar - Aukin efnistaka. Matsskyldufyrirspurn.“

Vegagerðin hefur rýnt framlögð gögn á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Framkvæmdasvæðið er staðsett rétt norðan Sprengisandsleiðar (26-07), stofnvegur Vegagerðarinnar í flokki C8. Fyrirhuguð er aukning á efnistöku úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³ á einu ári. Gert ráð fyrir umferðaraukningu að hámarki 22 ferða á dag á virkum dögum. Í fyrirspurninni kemur fram að notast verður við núverandi slóða frá Sprengisandsleið að efnistökusvæðinu en að umferð verði að mestu leyti staðbundin.

Fram kemur í skýrslunni að flutningar fari um þjóðvegakerfi Vegagerðarinnar, þ.e. það efni sem ekki verður nýtt í framkvæmdinni verður flutt af svæðinu eftir Sprengisandsleið (frá 26-07), Þjórsárdalsvegi (32) eða Landvegi (26). Athygli er vakin á því að Landvegur er flokkaður sem tengivegur í flokki C7 en leyfileg þungaumferð um slíka vegi eru fimm þung ökutæki á sólarhring samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Tvær einbreiðar brýr eru á Sprengisandsleið (26-07), norðaustan og suðvestan við framkvæmdasvæðið, þá er ein á Landvegi (26-06) til suðurs og önnur á Þjórsárdalsvegi (32-11) til vesturs. Minnst fjórar einbreiðar brýr eru í næsta nágrenni svæðisins þar sem þungatakmarkanir eru í gildi. Sækja þarf um undanþágu frá Samgöngustofu vegna þungaflutninga á vegum og brúm þar sem sett eru mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Vegagerðin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að farmur sé tryggður áður en ekið er inn á þjóðvegi.

Síða 1/2

Vegagerðin

Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin

Mál nr. 0380/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 27.04.2026 , **Fyrir hönd:** Umhverfis- og orkustofnun

Viðhengi:

6.1.Tungnaáreyrar - Efnistaka.pdf

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2026
UOS-5397/M.B.S.

Tungnaáreyrar – efnistaka

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar nr. 380/2026, dags. 27. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna stækkunar á efnistökusvæði við Tungnaáreyrar vestan farvegjar Tungnaár, austan við mörk Ásahrepps, í Rangárþingi ytra. Í erindinu kemur fram að Landsvirkjun hyggst stækka efnistökusvæðið úr 5 ha í allt að 7,5 ha, og jafnframt auka efnistöku á svæðinu úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er svæðið í beinum tengslum við straumvatnshlotin Tungnaá 1 (103-1362-R) og Hrauneyjakvísl (103-1361-R). Fram kemur að framkvæmdin geti haft áhrif á rennsli og valdið gruggmyndun, auk þess sem setflutningur getur borist frá svæðinu út í straumvatn. Slík áhrif geta leitt til upphleðslu sets eða þrenginga í farvegi og haft neikvæð áhrif á lífríki.

Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlegt að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdaleyfi. Við það mat þarf að horfa heildstætt til áhrifa á vatnsformsfræðilega, efnafræðilega og vistfræðilega gæðapætti straumvatna, þar með talið áhrifa á fisk.

Mat á áhrifum á vatnshlot skal unnið í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunarinnar um áhrifamat á vatnshlot, sem aðgengilegar eru á vatn.is¹.

Virðingarfyllst,

Matthildur B. Stefánsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Carl Andreas Fossick Ströberg

Teymi hafs og vatns

¹ [Leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#) & [Excel stuðningskjal fyrir áhrifamat vatnshlota](#).

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

„Fiskistofa bendir á að framkvæmdir eins og gert er ráð fyrir, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu og skila þarf umsögn sérfræðings um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn veiðifélags. Tekið er fram í greinargerð framkvæmdaraðila að þetta muni vera gert og hefur Fiskistofa því ekki frekari athugasemdir.“

Bestu kveðjur,

Hera Katrín Aradóttir Sérfræðingur

Sími | 569-7957 Netfang | hera.k.aradottir@fiskistofa.is (mailto:hera.k.aradottir@fiskistofa.is)
[www.fiskistofa.is](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Ffiskistofa.is%2F&data=05%7C02%7Cjakob.gunnarsson%40hms.is%7Ce55857379d004def8c5308dea4700e07%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639128998363092676%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMjIsIkFOIjoiTWFpbCIsIlldUIjoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=Cc5BheR35TSMhqgrs5IcirABQP6tkm%2BDvZxW7K%2Bs5DE%3D&reserved=0) (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Ffiskistofa.is%2F&data=05%7C02%7Cjakob.gunnarsson%40hms.is%7Ce55857379d004def8c5308dea4700e07%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639128998363092676%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMjIsIkFOIjoiTWFpbCIsIlldUIjoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=Cc5BheR35TSMhqgrs5IcirABQP6tkm%2BDvZxW7K%2Bs5DE%3D&reserved=0)

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 27.04.2026 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa

Mál nr. 0380/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 30.04.2026 , **Fyrir hönd:** Land og skógur

Viðhengi:

8.1.Tungnaáreyrar, matsskylduákv. - umsögn LogS.pdf

Umsögn

Tilv. UX.1079(P)



Land og skógur

HMS svið skipulags og umhverfismats
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.
Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri.
sent á skipulag@hms.is

Selfossi, 30. apríl 2026

Mál: Tungnaáreyrar - Efnistaka, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Tilkynning um framkvæmd, mnr. 380/2026

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur var til 24. apríl sl. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Stofnunin gerir engar athugasemdir.

bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550

Vegna: Máls nr. 0380/2026, Tungnaáreyrar - Efnistaka (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Góðan dag. Forsætisráðuneytið vísar til erindis HMS frá 27. mars sl., þar sem óskað er umsagnar við framkvæmd (stækkun á efnistökusvæði) Landsvirkjunar við Tungnaáreyrar, hvort hún sé matsskyld skv. 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landsvirkjun áætlar stækkun á núverandi efnistökusvæði Tungnaáreyrum í Rangárþingi ytra. Um er að ræða stækkun úr 5 ha í allt að 7,5 ha, vestan farvegjar Tungnaár, nokkru austan við mörk Ásahrepps, þar sem heimiluð efnistaka er aukin úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskar Landsvirkjun hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögunum.

Tilgangur framkvæmdar er að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, þar sem reknar eru sjö vatnsaflsvirkjanir og eitt vindorkuver er í uppbyggingu. Fyrirhuguð efnistaka kemur til með að veita Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda. Markmiðið er að afla jarðefna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmdaþætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. steypu og í fyllingarefni með rafstrengjum. Staðsetning á fyrirhuguðu efnistökusvæði kemur til með að lágmarka vegalengdir vegna flutninga á efni og lágmarka þannig kolefnislosun Landsvirkjunar á efnistöku og flutninga jarðefna. Þá er það stefna sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi að gera ráð fyrir fáum en tiltölulega stórum efnistökusvæðum. Efnistökusvæðið er á malareyrum sunnan farvegjar Tungnaár, norðan við Hrauneyjakvísl. Tungnaá fellur nú úr Sporðöldulóni, um aðrennslisgöng að Búðarhálsvirkjun og er því ekki lengur náttúrulegur farvegur en ávallt er talsvert bergvatn í farvegi.

Efnistökusvæðið liggur á milli tveggja straumvatnshlota og er því möguleiki á að rennslis geti breyst eftir umfangi og staðsetningu efnistökunnar. Grugg og setflutningur getur borist út í straumvatn frá framkvæmdarsvæðinu sem getur valdið upphleðslu eða þrengt farvegi og haft áhrif á lífríki. Vert er að taka fram að farvegur straumvatnshlotanna sem um ræðir hefur þegar tekið miklum breytingum þar sem virkjanaframkvæmdir á Tungnaár-Þjórsár svæðinu hafa haft umtalsverð áhrif á vatnsformfræði vatnshlota (Vatnaáætlun 2022-2027). Efnistöku verður háttað með þeim hætti, m.t.t. rennslis straumvatnshlota og hæð á landi eða sem minnst áhrif verði á farveg beggja straumvatnshlotanna.

Við fyrri áætlunir fyrir Búrfellslund (200 MW) var framkvæmt umhverfismat. Í því umhverfismati miðuðust áætlunir að efnisþörf vegna framkvæmdanna yrði fullnægt með efnistöku úr námum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Einnig var gert ráð fyrir umtalsverðu umframefni vegna framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins sem myndi nýtast við uppbygginguna. Í áliti Skipulagsstofnunar kom síðan fram að hér með lyki mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við tæki umhverfismat áætlana, gerð rammaáætlunar, landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlana sveitarfélagana.

Við endurhönnun vindorkuversins var stuðst við framangreinda niðurstöðu úr áliti Skipulagsstofnunar. Vindorkuverið var afgreitt í nýtingarflokk í rammaáætlun (120 MW) og breytt var aðalskipulagi Rangárþings ytra og unnið nýtt deiliskipulag. Samhliða skipulagsbreytingum var unnið umhverfismat skipulagsáætlana. Í umhverfisskýrslu með umhverfismatinu var gerð grein fyrir efnistöku en talsvert hafði breyst frá fyrri áætlunum enda heil virkjun byggð í millitíðinni (Búrfellsstöð II) auk annarra framkvæmda í héraðinu. Fyrri efnistökuastaðir sem áætlunir gerðu ráð fyrir höfðu verið vel nýttir í millitíðinni og því ekki eins aðgengilegir. Því gerðu nýjar áætlunir í umhverfismati skipulagsáætlana ráð fyrir að nota efni úr námum á aðalskipulagi Rangárþings ytra auk þess sem enn var gert ráð fyrir að nýta að verulegu leyti allan uppmokstur af framkvæmdasvæðinu.

Við upphaf framkvæmda við Vaðölduver kom fljótlega í ljós að allur uppmokstur af framkvæmdasvæðinu reyndist að mestu leyti ónothæfur og því þurfti að leita annarra leiða. Unnið var efni úr Langöldu og Tungnaáreyrum en báðar þessar námur eru á aðalskipulagi Rangárþings ytra. Einnig var unnið efni úr nágrenninu vegna frágangs fyrri framkvæmda enda er það stefna Landsvirkjunar að nýta það sem fyrir er og reyna að stækka það sem fyrir er til að takmarka rask. Því var meðal annars farið í að stækka námurnar við Ferjufit og Tungnaáreyrar en báðar námurnar eru á aðalskipulagi Rangárþings ytra. Stækkun þessara náma eru einungis að hluta til ætlaðar til notkunar í Vaðölduveri þar sem stækkun þeirra er einnig ætluð til annarra verkefna Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu í framtíðinni.

Forsætisráðuneytið telur að framkvæmdin sé ekki matsskyld í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðuneytið telur þó að betur þurfi að fjalla um mótvægisaðgerðir framkvæmdaraðila þar sem efnistökusvæðið liggur á milli tveggja straumvatnshlota og er því möguleiki á að rennsli geti breyst eftir umfangi og staðsetningu efnistökunnar. Grugg og setflutningur getur borist út í straumvatn frá framkvæmdarsvæðinu sem getur valdið upphleðslu eða þrengt farvegi og haft áhrif á lífríki.

Ráðuneytið gerir kröfu um að um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang og á meðan efnistöku stendur verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Umgengi um svæðið skal vera til fyrirmyndar á meðan efnistaka fer fram á svæðinu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir,

Regína Sigurðardóttir

sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneytið / Prime Minister's Office

Skrifstofa fjármála / Department of Finance

Stjórnarráðshúsinu,, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

[**Höfundur:** Jakob Gunnarsson](https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2F&data=05%7C02%7CJakob.Gunnarsson%40hms.is%7Cac9a13e54a0b49f1864f08deac1628e3%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639137408366451240%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMjUkFOIjoiTWFpbCIsIlIdUIjoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=ExOHJ7hAGS%2BgPU%2Bgqx1djmTa3fPfbzmA8XLIdf0DL%2F8%3D&reserved=0)-www.government.is(www.government.is-)-Fyrirvari/Disclaimer(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7CJakob.Gunnarsson%40hms.is%7Cac9a13e54a0b49f1864f08deac1628e3%7Cc72564722622417e8955a54eeb0a110e%7C0%7C0%7C639137408366510664%7CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIsIlAiOiJXaW4zMjUkFOIjoiTWFpbCIsIlIdUIjoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=hkeQg77RFtYDGWt1UMh%2FInW946PJl2sVWf2eHXizyk%3D&reserved=0)</p></div><div data-bbox=)

Sent inn þann: 07.05.2026 , **Fyrir hönd:** Forsætisráðuneytið